

## Hvanneyrabúið ehf. – 1. fundur stjórnar, Hvanneyri, 7. október 2015.

Mættir eru Þóroddur Sveinsson (ÞS; formaður), Pétur Diðriksson (PD), Jón Hallsteinn Hallsson (JHH; ritar fundargerð), Egill Gunnarsson (EG; bústjóri Hvanneyrabúsins).

1. Stutt yfirferð frá síðasta fundi (aðalfundi 11. ágúst) (ÞS).
  - ✓ Búið að ganga frá kaupum á vélum og tækjum, nema heymixara sem verður vonandi gert fljótlega.
  - ✓ Búið að ganga frá láni vegna lausafjárskuldar. Unnið í uppgjöri vegna launa fyrrum starfsmanna.
2. Rekstrarstaða Hvanneyrabúsins, gjalda- og tekjuspá til áramóta (EG).
  - ✓ Egill fór yfir tekjur og gjöld fyrir september/október og áætlun fyrir síðustu mánuði ársins.
3. Staða mjólkurframleiðslunnar og spá (EG).
  - ✓ Að jafnaði 15,5% meiri framleiðsla 2015 en 2014.
  - ✓ Búið að framleiða um 359 þúsund lítra.
  - ✓ Verðefni mættu verið hærrí.
  - ✓ Stefnt að 40 þús l að jafnaði á mánuði.
4. Forðagæslutölur (heyfengur) haustið 2015 (EG).
  - ✓ Heyfengur sumarsins um 1750 rúllur.
5. Jarðræktaráætlun 2016 (EG).
  - ✓ Áætlanir liggja að einhverju leyti fyrir um endurnýjun túna fyrir árið 2016.
6. Véla- og tækjæign Hvanneyrabúsins á Hesti (EG og ÞS).
  - ✓ Samþykkt að ÞS leiti samninga við Lbhí um yfirtöku á þessum vélum.
7. Nýr samstarfssamningur Lbhí og Hvanneyrabúsins (ÞS).
  - ✓ Lögð er áhersla á að klára nýjan samninginn fyrir áramót – ÞS og EG fyrir hönd Hvanneyrabúsins.
8. ÞóruLág (ÞS).
  - ✓ Núverandi leigjendur í vanskilum, réttarsátt sem náðist í sumar er nú í uppnámi eftir að greiðslur voru stöðvaðar vegna lögfræðilegs álitamáls varðandi samninga sem snúa að útleigunni.
9. Lárus Pétursson – staða uppgjörs (ÞS).
  - ✓ Hægt gengur að fá fyrrverandi framkvæmdastjóra til að skila uppgjöri og því ekki hægt að ganga endanlega frá skuldauppgjöri vegna ógreiddra launa.
10. Hugmynd að lógói Hvanneyrabúsins (allir).
  - ✓ Hugmynd að lógói samþykkt.
11. Önnur mál.
  - a) Mötuneytiskostnaður starfsmanna (ÞS).
    - ✓ Samþykkt af stjórn að starfsmenn Hvanneyrabúsins njóti sömu kjara og starfsmenn Lbhí varðandi niðurgreiðslu á fæðiskostnaði.
  - b) Meiri mjólkurkvóti? (ÞS).
    - ✓ Borist hefur jákvætt svar fyrir flutningi á mjólkurkvóta frá Möðruvöllum til Hvanneyrabúsins.
  - c) Nýir endurskoðendur? (ÞS).
    - ✓ Ákveðið að leita tilboða í endurskoðunarþjónustu.
  - d) Viðskiptabanki (ÞS).
    - ✓ Samþykkt af stjórn að bankaviðskipti flytjist til þess banka þar sem aðal lánaviðskipti Hvanneyrabúsins eru.